

<b>Söltuð þorsflök:</b>	U.S. \$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up .....	3 200,00
Flokkur A 400/700 .....	3 050,00
Flokkur A 200/400 .....	2 850,00
Flokkur A 100/200 .....	2 500,00
Flokkur B 700/up .....	3 050,00
Flokkur B 400/700 .....	2 800,00
Flokkur B 200/400 .....	2 500,00
Flokkur B 100/200 .....	2 050,00

Verðbil verður 3,5% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. febrúar 1985.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli  
á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar s.l.  
til 31. ágúst 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar s.l. til 31. ágúst 1985:

<b>Óverkaður saltfiskur:</b>	\$ per lest fob.
Stórfiskur nr. 1 .....	2 250,00
Millifiskur nr. 1 .....	2 065,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	1 880,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	1 750,00
<b>Óverkaður saltfiskur (tandurfiskur):</b>	
Stórfiskur nr. 1 .....	2 060,00
Millifiskur nr. 1 .....	1 870,00
Smáfiskur nr. 1 (40/60) .....	1 725,00
Smáfiskur nr. 1 (60/100) .....	1 515,00

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. febrúar 1985.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

### um breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 21. febrúar 1965 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun á staðgreini-reit 1.463.1 sunnan Suðurlandsbrautar nr. 46 breytist úr útivistarsvæði í iðnaðarsvæði.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1985.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 22. febrúar 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Grundarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Eyrarsveitar og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1985.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*